

**STJÓRNARFUNDUR -símafundur
FÖSTUDAGINN 4. FEBRÚAR 2011 KL 14:00.**

Föstudaginn 4. febrúar 2011 kom stjórn SSNV saman til símafundar. Mættir voru: Bjarni Jónsson, Adolf H, Berndsen Ágúst Þór Bragason, Sigurjón Þórðarson, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund.

1.Menningarsamningur Norðurlands vestra. Lögð fram drög að nýjum menningarsamningi mennta og menningarmálaráðuneytisins og Iðnaðarráðuneytisins fyrir hönd ríkisins og SSNV fyrir hönd aðildarsveitarfélagana. Samkvæmt drögunum er fjárframlag til samningsins er áætlað 32,8 m.kr. á ári og skiptist þannig:

Mennta- og menningarmálaráðuneyti leggur til 17,4 m.kr.

Iðnaðarráðuneyti leggur til 6 m.kr.

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra leggja sameiginlega til að lágmarki sem næst 40% af framlögum ráðuneyta eða sem nemur 9,4 m.kr.

Framangreind framlög ráðuneyta til samningsins eru með fyrirvara um fjárveitingar í fjárlögum hvers árs.

Þá var lögð fram umsögn menningarráðs Norðurlands vestra til stjórnar SSNV um samningsdrögin.. Umræður urðu um drögin.

Stjórn SSNV lýsir yfir miklum vonbrigðum á miklum boðuðum niðurskurði ríkisins til Menningarsamnings Norðurlands vestra og bendir á að niðurskurður til samningsins nemur 27% frá árinu 2008. Þá telur stjórnin ófullnægjandi forsendur fyrir þeim stuðlum sem liggja að baki útreiknuðum framlögum mennta- og menningarmálaráðuneytisins til menningarsamninga landshlutanna og gagnrýnir harðlega val á þeim þáttum sem lagðir eru til grundvallar. Stjórnin bendir á að áður voru ekki síst, hagvaxtar og fólksfjöldaþróun lögð til grundvallar skiptingu fjárveitinga sem eru að mati stjórnar mun edlilegri viðmið en stærð afrétta eða fjarlægð frá höfuðborg svo dæmi sé tekið.

Framkvæmdastjóra falið að koma athugasemdum stjórnar við samninginn til mennta og menningarmálaráðuneytisins. Formanni falið að óska eftir fundi með menntamálaráðherra vegna málsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 14:30
Jón Óskar Pétursson fundarritari.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.